

# Reglur varðandi þátttöku í viðburðum erlendis á vegum Íslandsstofu (ferðaþjónusta)

## 1. Þátttaka

- 1.1 Hver þátttakandi skal skila inn skriflegri staðfestingu um þátttöku á viðburðum á vegum Íslandsstofu.
- 1.2 Íslandsstofa áskilur sér allan rétt til þess að skilgreina lágmarks og hámarksfjölda fyrirtækja á viðburði.
- 1.3 Íslandsstofa áskilur sér allan rétt til þess að raða fyrirtækjum niður á sýningar – og vinnustofusvæði
- 1.4 Íslandsstofa áskilur sér rétt til þess að falla frá þátttöku á viðburðum sé lágmarksfjöldi fyrirtækja ekki náð.
- 1.5 Íslandsstofa ber enga ábyrgð á eignum fyrirtækja sem eru notaðar við eða í kringum viðburði.
- 1.6 Skráning á viðburð á vegum Íslandsstofu telst einungis gild hafi þátttaka verið tilkynnt skriflega (skráningarblað útfyllt).

## 2. Kostnaður/ Greiðslur

- 2.1 Almenn sendir Íslandsstofa reikninga fyrir þátttöku áður en viðburður á sér stað.
- 2.2 Fyrirtæki bera að greiða reikning fyrir þátttöku áður en að viðburði kemur.

## 3. Þjóðarbás

- 3.1 Íslandsstofa hefur umsjón með hönnun og smíði þjóðarbáss.
- 3.2 Engar fyrirtækjamerkingar skulu vera á þjóðarbási án samþykkis Íslandsstofu
- 3.3 Úthlutað borð er merkt hverju fyrirtæki með nafni (yfirleitt eru notuð spjöld til þess).
- 3.4 Bæklingadreifing frá öðrum fyrirtækjum en þeim sem skráð eru á básinn er ekki leyfileg nema með vitund Íslandsstofu, yfirleitt gegn gjaldi.
- 3.5 Fyrirtækjum er ekki heimilt að yfirgefa básinn endanlega nema með samráði við Íslandsstofu.

---

#### 4. Starfsfólk á bás

- 4.1 Gæta þarf að faglegum vinnubrögðum sér og fyrirtæki sínu til sóma.
- 4.2 Þátttakandi skal mæta á sýningarsvæði til þess að stilla upp kynningarefni og vörum tímanlega, þ.e. áður en sýningin opnar, nema samið hafi verið um annað við Íslandsstofu.
- 4.3 Hver bás skal vera mannaður þann tíma sem sýningin er opin, nema samið hafi verið um annað við Íslandsstofu.
- 4.4 Ávallt skal halda bás hreinum og snyrtilegum. Íslandsstofa áskilur sér rétt til að bregðast við ef reglum er ekki fylgt eftir.

#### 5. Afbókunarskilmálar

- 5.1 Íslandsstofa áskilur sér rétt til að innheimta afbókunargjald ef fyrirtæki hættir við þátttöku á sýningu tveimur mánuðum fyrir viðburð eða skemur.
- 5.2 Gjald fyrir afbókun 4-8 vikum fyrir viðburð er sem nemur 20% af þáttökukostnaði
- 5.3 Gjald fyrir afbókun 1-4 vikum fyrir viðburð er sem nemur allt að 50% af þáttökukostnaði
- 5.4 Gjald fyrir afbókun sem berst innan við 1 viku fyrir viðburð er 100% þáttökukostnaður